

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 5. apríl 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-33/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 23. apríl 2018 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á rafal í bifreið sína af Y. Álitsbeiðandi telur að rafallinn hafi verið gallaður og krefst þess að seljandi leysi til sín bifreiðina á kaupverði og greiði viðgerðarkostnað vegna bifreiðarinnar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 24. apríl 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Með bréfi, dags. 1. apríl 2019, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Hyundai Terracan, árgerð 2004, þann 23. júní 2017 fyrir 1.000.000 krónur og var hún ekin 89.000 km. við kaupin. Þá voru sex mánuðir frá því nýr rafall var settur í bifreiðina, sem nú er ekin um 95.000 km. Álitsbeiðandi segir rafallinn hafa verið keyptan af seljanda þann 30. desember árið 2016 en hann var þá settur í bifreiðina af Z að beiðni fyrri eiganda. Álitsbeiðandi telur að rafallinn hafi verið haldinn galla en hann bilaði eftir 13 mánaða notkun.

Bifreiðin bilaði þann 28. janúar 2018 þegar álitsbeiðandi var við akstur á Hellisheiði. Þá kviknuðu ljós í mælaborði bifreiðarinnar, rúðuþurrkur fóru á ferð, ljós „dóu“ og álitsbeiðandi fann brunalykt. Bifreiðin gekk þó og álitsbeiðandi keyrði henni til Reykjavíkur. Þegar álitsbeiðandi reyndi að setja bifreiðina í gang aftur eftir að hafa stöðvað hana fór hún ekki í gang. Álitsbeiðandi kannaði hjá Bifreiðaverkstæði Austurlands, sem settu nýjan rafal í bifreiðina í desember 2016, hvar hann hefði verið keyptur og var seljandi söluaðilinn. Telur álitsbeiðandi að rafallinn hafi verið seldur sem nýr en sé í raun innfluttur af seljanda og gerður upp. Sá aðili sem seldi álitsbeiðanda bifreiðina sagðist hafa sett bifreiðina í viðgerð og ekki beðið um uppgerða vöru enda hafi hann ekki vit á slíku.

Álitsbeiðandi kveðst hafa fengið afhentan nýjan rafal og verið bent á að fara á verkstæði að nafni Þ, sem er þjónustuaðili seljanda. Við skoðun á verkstæðinu hafi komið í ljós að skemmdir voru miklar. Að mati starfsmanna hjá Þ, er svo mikið tjón á rafkerfi bifreiðarinnar að ekki sé ráðlegt að gera við hana. Álitsbeiðandi greiddi 52.700 krónur til Þ, vegna vinnu við bifreiðina.

Álitsbeiðandi segir seljanda halda því fram að rafgeymir bifreiðarinnar hafi skemmt rafalinn. Álitsbeiðandi kveðst hafa tekið rafalinn og farið með hann á rafvéla verkstæði að nafni Æ, þar sem rafallinn var tekinn í sundur. Þar segir álitsbeiðandi hafa verið staðfest að rafallinn sé uppgerður, innfluttur, og að víravafningar í rafalnum hefðu gefið sig. Það hafi orðið til þess að rafmagnsframléiðsla varð of mikil sem hafi orsakað skemmdirnar.

Rafgeymir bifreiðarinnar var tekinn í hleðslu hjá Æ, og hlóðst hann eðlilega að sögn álitsbeiðanda og hleypti ekki meiri straum í gegnum sig en eðlilegt megi teljast. Þá hafi ekkert vandamál verið með rafgeyminn áður. Að sögn álitsbeiðanda telja starfsmenn Þ, að rafgeymir í bifreiðinni sé upprunalegur og hafi komið með bifreiðinni sem er árgerð 2004. Þeir telja langsótt að rafgeymirinn sé orsök skemmdanna. Álitsbeiðandi segir marga fagmenn hafa fullyrt að ekki geti verið um aðra orsök að ræða en að rafallinn hafi framléitt yfirspennu og að orsakanna sé ekki að leita í bilun á rafgeymi.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi leysi til sín bifreiðina á kaupverði og greiði viðgerðarkostnað sem álitsbeiðandi greiddi til Þ.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti þau sem ágreiningur er um í málinu, þ.e. kaup fyrri eiganda bifreiðarinnar á rafali af seljanda, falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Álitsbeiðandi getur beint kröfu sinni beint að seljanda samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laganna.

Líkt og að framan greinir telur álitsbeiðandi að rafall sem keyptur var í desember árið 2016 og settur í bifreiðina XX-000 af Z, sé orsök mikilla skemmda sem orðið hafa á rafkerfi bifreiðarinnar. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi leysi til sín bifreiðina á kostnaðarverði auk endurgreiðslu á viðgerðarkostnaði að fjárhæð 52.700 krónur. Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðin er óökufær og ekki í notkun.

Um galla á söluhlut er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 1. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi. Þá segir í 2. mgr. ákvæðisins m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en samkvæmt ákvæðinu hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að rafallinn hafi ekki verið haldin galla á seljanda fyrstu 6 mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færist sönnunarbyrðin yfir til neytanda. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl. Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laganna nær skaðabótaábyrgð fyrir tjón af völdum galla einnig til tjóns á hlutum sem söluhlutur var notaður til framleiðslu á eða hlutum sem standa í nánu og beinu sambandi við fyrirhuguð not söluhlutar.

Kærunefndin hefur leitað álits sérfræðings til aðstoðar við úrlausn máls þessa samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Sérfræðingurinn lagði spurningar fyrir álitsbeiðanda sem álitsbeiðandi bar undir Z, og starfsmann Þ. Í upplýsingum sem veittar voru af Z, kemur fram að bilanagreining á bifreiðinni í desember árið 2016 hafi verið sú að hleðsla í bifreiðinni hafi ekki mælst í lagi. Alternator, þ.e. rafall, hafi því verið pantaður og rafgeymirinn hlaðinn, rafgeymirinn hafi þó líklegast ekki verið álagsprófaður. Í upplýsingum frá Þ, segir að við bilanaleit hafi komið í ljós að alternator var brunninn ásamt höfuðöryggjum. Alternatorinn virðist hafa farið að hlaða allt of mikið sem hafi valdið skemmdum á rafkerfi og tölvum bifreiðarinnar. Þá hafi rafgeymirinn mælst handónýtur og því sé ekki hægt að staðhæfa hver ástæðan sé fyrir biluninni, rafgeymir eða alternatorinn.

Að álitu sérfræðingsins tókst ekki að gera við þá bilun sem kom upp í bifreiðinni í desember árið 2016 þegar Z, skipti um rafalinn. Mat hans er að sú bilun sem þá kom upp hafi enn verið til staðar þegar nýji rafallinn gaf sig í janúar árið 2018. Í álitinu segir að innra viðnám rafgeymis bifreiðarinnar hafi verið orðið svo hátt að rafallinn hafi starfað í yfirálagi við ákveðnar aðstæður og á endanum hafi hann gefið sig. Í viðgerð Z, hafi því aðeins verið gert við afleiðingu bilunarinnar en ekki orsök hennar þar sem aðeins hafi verið skipt um rafal en rafgeymirinn hafi verið gamall og innra viðnám of hátt. Því hafi aðeins þurft ákveðnar aðstæður til að nýji rafallinn yfirhitnaði og gaf sig. Þá segir einnig í álitu sérfræðingsins: „Rafalar í bifreiðum eru með yfirálagsvörn, sem á að koma í veg fyrir að spennan í rafkerfinu verði of há við krefjandi aðstæður. Rafmagnsframleiðsla rafals er nægileg þegar aðrir rafmagnshlutir og íhlutir hans virka eðlilega og með eðlilegri virkni rafgeymisins. Ef rafgeymir aftengist skyndilega verður skyndilegt yfirspennuálag fyrir rafalinn. Við það verður svokallað load-dump fyrirbrigði þegar straumi er skyndilega rofin. Við það verður yfirspenna í rafkerfinu sem veldur öðrum skemmdum í rafkerfi bifreiðarinnar“. Að álitu sérfræðingsins er rafallinn ekki ástæða þeirrar bilunar og skemmda sem urðu í bifreið álitsbeiðanda.

Í ljósi alls framangreinds getur kærunefndin ekki fallist á að rafallinn hafi verið haldin galla í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup þegar hann var settur í bifreiðina í desember árið 2016, en skemmdir urðu á bifreið álitsbeiðanda um 13 mánuðum eftir að rafallinn var settur í bifreiðina. Þá liggur fyrir að álitsbeiðandi keyrði bifreiðina til Reykjavíkur þrátt fyrir að bifreiðin hafi bilað á Hellisheiði með ýmsum viðvörunarljósum í mælaborði og reyklykt. Getur það hafa orðið þess valdandi að skemmdir urðu enn meiri en ella á bifreiðinni.

Verður samkvæmt framangreindu að hafna kröfum álitsbeiðanda á hendur seljanda.

V

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson